

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

*Breyting á deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis, Dalvík.*  
Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 17. desember 2024 breytingu á deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis.

Breytingin tekur til eftirfarandi:

Lagningar nýrrar götu norðan við Skógarhóla 29.

Afmörkunar nýrrar lóðar og byggingarreits fyrir þriggja íbúða hús á einni hæð austan við Skógarhóla 11.

Uppbyggingar göngustíga og leiksvæðis á opnu svæði.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Dalvíkurbyggðar, 27. janúar 2025,*

**María Markúsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. mars 2025